

Námsáætlun fyrir sjónlist - 7. bekkur
skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Drífa Þöll Reynisdóttir

Tíma fjöldi: 2 kennslustundir á viku, hálf t skólaár.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Sjónlistir Formfræði, litafræði og myndbygging Frumþættir myndlistar, lita og formfræði Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum Áhersla á blandaða tækni með leir, vír og gifs fyrir þrívíð verk. Þrívíddar teikningu og íslenska og erlenda listamenn.	Notað mismunandi efni og verkfæri á skipulagðan hátt í eigin sköpun. Nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu. Unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu. Fjallað um eigin verk og annarra í virku samtali við aðra nemendur.	Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni. Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni. Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla. Margskonar liti, gifs og leir. Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíð. Nemendur læra að tileinka sér skissur. Sjónrænar kveikjur Sýni og Verklegr kennsla	Verkefna mappa Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu. Metin verður þekking og meðhöndlun efna. Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. Metin verður frammistaða og virkni í tíma. Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfnimiðum Aðalnámskrár Grunnskóla.

Listrýni Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt Ákveðnar lista- stefnur og íslenskir og erlendir listamenn Umgengni Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði	Greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu. Beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni. Greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka. Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	Nemendur fá innlögn að verkefnum frá kennara í tíma Nemendur vinna að listsköpun undir leiðsögn	Lögð er áhersla á ferilmöppu, leiðsagnarmat, frammistöðu og færni nemandans.
Námsgögn: Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans. Listaverkabækur. Efniviður: Pappír í ýmsum gerðum. Þekju-, Vatns-,Blek-, og Akryllitir. Tré-, Túss-, Vax-, og Krítarlitir. Leir og gifs, pappamassi, vír, dúkar og grafíkhnífar.			

Verkfæri:

Blýantar, Pennar, Skæri, Pennslar, Svampur, Reglustikur, Lím og Lakk.

Markmið:**Að nemandi geti:**

Tjáð sig á skapandi og myndrænan hátt

Læri fjölbreyttar aðferðir og leiðir til sköpunar

Geti unnið sjálfstætt og læri færni í þekkingu lita og formfræði

Geti unnið út frá eigin styrkleikum

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi ásamt bókstafseinkunn í lokin.